

Ed.

634. Frumvarp til laga

[291. mál]

um breytingu á lögum nr. 58 4. júní 1981 um lagmetisiðnað og Próunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Í stað „31. desember 1982“ í 13. gr. kemur „31. desember 1984“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar Sölustofnunar lagmetis sem telur áriðandi að yfirstandandi þing framlengi núverandi starfsréttindi stofnunarinnar. Sérstaklega telur stjórn stofnunarinnar mikilvægt að stofnunin hafi áfram einkarétt til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau, að í löndum Austur-Evrópu er einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni kaupandamegin. Þessi einkakaupandi væri í aðstöðu til að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Einhliða samkeppni seljandamegin hlýtur að verða seljendum í óhag. Rétt er að bregðast við þessu með einkarétti seljandamegin og jafna þar með samningsaðstöðu seljanda og kaupanda.

Eftir yfirvegaða skoðun á máli þessu sýnist iðnaðarráðuneytinu rétt að framlengja beri einkarétt Sölustofnunarinnar skv. ofanrituðu um tvö ár. En rétt þykir að einkarétturinn verði bundinn sömu skilyrðum og áður, og að því tilskildu að starf stofnunarinnar verði áfram háð reglum 1.—8. gr. laga nr. 58/1981.

Er því í frumvarpinu lagt til að I. kafli laga nr. 58/1981, þ. e. greinar 1.—8. að báðum meðtöldum, falli ekki úr gildi fyrr en 31. des. 1984.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér að I. kafli laga nr. 58 4. júní 1981, greinar 1.—8. að báðum meðtöldum, fellur úr gildi 31. desember 1984, en samkvæmt núgildandi lögum átti þessi kafli að falla úr gildi 31. desember 1982.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringar.